

**Sp.**

**145. Fyrirspurn**

**[112. mál]**

til samgönguráðherra um vegagerð á Vesturlandi.

Frá Skúla Alexanderssyni.

1. Eru þeir vegarkafar á Ólafsvíkurvegi, sem lagðir hafa verið á síðustu árum, t. d. vegurinn fram hjá Borg á Mýrum og vegurinn milli Grundar og Skjálgar í Kolbeinsstaðahreppi, undirbyggðir þannig, að þeir beri varanlegt slitlag?
2. Eru einhverjir hlutar vegarins um Hvalfjörð undirbyggðir þannig, að þeir beri varanlegt slitlag?
3. Hve langir eru þeir vegarkafar á Ólafsvíkurvegi í Miklaholtshreppi og Staðarsveit, sem enn hafa ekki verið undirbyggðir, þ. e. eru ruðningsvegir eða troðningar? Liggur fyrir hvað gerð þessara vegarkafla mundi kosta og hvenær þeirra framkvæmda megi vænta?
4. Má vænta þess, að gerðar verði ráðstafanir til lagfæringa á vegi við Kálfá og Bláfeldará í Staðarsveit, svo að árnar stöðvi ekki umferð um Ólafsvíkurveg, eins og gerzt hefur þrífaldlega í frostaköflum á undanförunum vetrum?